

4. gr.

Peir, sem orðnir eru 18 ára, skulu ekki fá styrk til heyrnartækjakaupa oftari en á þriggja ára fresti, en yngri en 18 ára á tveggja ára fresti.

Þrátt fyrir ofangreind tímamörk er heimilt að greiða 50% af verði nýs tækis fyrir yngri en 18 ára og 35% fyrir 18 ára og eldri, eyðileggist eða týnist tækið.

Purfi einstaklingur ekki lengur á heyrnartæki að halda ber honum að skila því til Heyrnar- og talmeinstöðvar Íslands. Er stöðinni þá heimilt að greiða viðkomandi til baka ákveðinn hluta.

5. gr.

Heimilt er yfirlækni Heyrnar- og talmeinstöðvar Íslands að höfðu samráði við menntamálaráðuneyti, eftir nákvæma prófun á vegum stöðvarinnar að úthluta til láns F.M. heyrnartækjum (sendi og móttakara) til þjálfunar mjög heyrnarskertum börnum á skóla-skuldaldri til þess að þeim nýtist almenn skólaganga. Skyld er að skila tækinu til Heyrnar- og talmeinstöðvar Íslands þegar þess er ekki lengur þörf.

6. gr.

Heimilt er yfirlækni Heyrnar- og talmeinstöðvar Íslands að úthluta F.M. tækjum til láns til einstaklinga þótt þeir hafi lokið skyldunámi, eftir nákvæma prófun á vegum stöðvarinnar. Skyld er að skila slíkum tækjum þegar þeirra er ekki frekari þörf.

7. gr.

Fyrir rafhlöður greiðir ríkissjóður að fullu þegar yngri en 18 ára og elli- og örorkulífeyrisþegar eiga í hlut.

8. gr.

Ofangreindar reglur, sem öðlast gildi frá og með 1. apríl 1984, eru settar með stoð í 5. gr. laga nr. 35/1980 um Heyrnar- og talmeinstöð Íslands að fengnum tillögum stjórnar stofnunarinnar. Jafnframt falla úr gildi frá og með sama degi reglur frá 10. júlí 1980 ásamt breytingum frá 18. júní 1981.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 27. mars 1984.

Matthías Bjarnason.

Ingimar Sigurðsson.

GJALDSKRÁ

fyrir þjónustu á vegum Heyrnar- og talmeinstöðvar Íslands.

1. gr.

Fyrir hverja læknisskoðun og heyrnarrannsókn greiðir sjúklingur kr. 100. Elli- og örorkulífeyrisþegar greiða hálf gald. Undanþegnir þessu gjaldi eru allir nemendur Heyrnleysingjaskóla Íslands svo og börn og unglingar að 18 ára aldri, sem reynast það heyrnarskert að þau þurfi á heyrnartæki að halda.

2. gr.

Fyrir hverja heyrnarrannsókn á vinnustöðum, sem unnin er á vegum stöðvarinnar skal greiða kr. 100.

3. gr.

Heyrnar- og talmeinastöð Íslands annast innheimtu gjalda skv. gjaldskrá þessari.

4. gr.

Ofangreind gjaldskrá, sem ákveðin er með heimild í 7. gr. laga nr. 35/1980, um Heyrnar- og talmeinastöð Íslands, öðlast gildi frá og með 1. apríl 1984 að telja.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 27. mars 1984.

Matthías Bjarnason.

Ingimar Sigurðsson.